



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2021  
MÍ202104-0132/6.00/ A.S.

## Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál – umsögn

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur sent Minjastofnun Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands.

Minjastofnun hefur áður sent athugasemdir við drög að þingsályktunartillögunni til umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Tekið hefur verið tillit til athugasemda stofnunarinnar að hluta, með því að friðlýstar menningarminjar falla nú undir flokk 1 þar sem uppbygginga vindorkuvera er óheimil, og er sú breyting til verulegra bóta.

Minjastofnun vill þó gera eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunartillöguna og greinargerð hennar eins og hún er lögð fram;

Í fyrri athugasemdum lagði Minjastofnun til að verndarsvæði í byggð væru sett í flokk 1. Verndarsvæði í byggð er byggð innan þéttbýlis og byggðarkjarnar utan þéttbýlis sem ástæða þykir til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis og þar gilda ákveðnar reglur um uppbyggingu. Ákvörðun um vernd er tekin af ráðherra að tillögu viðkomandi sveitarfélags. Verndarsvæðin eru núna 11 en um 12 svæði til viðbótar eru í vinnslu. (<https://www.minjastofnun.is/verndarsvaedi-i-byggd/>). Það er mat stofnunarinnar að þessi verndarsvæði ættu að lágmarki að vera í flokki 2 og að sjálfstætt mat verði þá lögð á hvort heimila eigi vindorkuver innan þeirra.

Í flokk 2.2 falla samkvæmt frumvarpinu virkjunarkostir sem eru innan 10 km frá friðlýstum svæðum á A-hluta náttúruminjaskrár og svæða á B-hluta náttúruminjaskrár í flokki 1. Því næst er fjallað um mat á sjónrænum, hljóðrænum eða öðrum áhrifum virkjunarhugmynda og að meta eigi hvort þær rýri gildi svæðisins. Þá eru ýmis önnur náttúruminjasvæði sett í flokk 2 og skulu því skoðaðir og metnir af verkefnastjórn rammaáætlunar. Hið sama ætti að gilda um menningarminjar og ættu virkjunarkostir innan 10 km frá friðlýstum menningarminjum einnig að falla í flokk 2 enda geta sjónræn áhrif vindorkugarða á menningarminjar og menningarlandslag verið veruleg og rýrt gildi þeirra.

Að lokum vill Minjastofnun gera athugasemd við umfjöllum um fyrri athugasemdir stofnunarinnar undir kaflanum Samráð í greinargerðinni. Þar er fjallað um aðrar menningarminjar, en undir þann flokk myndu falla (aldurs)fríðaðar menningarminjar, þeas allar minjar 100 ára og eldri. Er því lýst að fara skuli fram skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skv. lögum um menningarminjar og að slíka skráningu beri að framkvæma í hverju tilviki sem sett eru fram áform um virkjunarkost í vindorku. Þetta er vissulega rétt og er skylt samkvæmt lögum um menningarminjar. Hins vegar má misskilja þennan texta sem svo að skráning ein og sér sé fullnægjandi. Minjastofnun vill leggja áherslu á að skráning minja er tæki sem nýtt er til þess að taka ákvörðun um verndargildi minjanna og í framhaldi af skráningu getur stofnunin lagst gegn vindorkuverum á svæðum þar sem mikilvægar menningarminjar er að finna.

Virðingarfyllst,



Agnes Stefánsdóttir  
Sviðsstjóri